

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/887*  
*komudagur 10.12.2007*

Nefndasvið Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. desember 2007.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. 135. löggjafarþing 2007 – 2008. Þskj. 45 - 45. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 27. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar en telur ekki það ekki gefa tilefni til umsagnar.

Virðingarfyllt,  
**f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands**

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,  
formaður



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. **P** 135/974  
komudagur 19.12.2007

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning  
18. desember 2007

Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 27. nóv. sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 45. mál, brottfall heimildar til greiðslu án heimildar í fjárlögum

Í frumvarpinu er lagt til að 33. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997 verði felld niður. Nefnd lagagrein mælir fyrir um að fjármálaráðherra sé heimilt að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra að inna af hendi greiðslur, sem ófyrirséð atvik hafa leitt til. Sjónarmið þau, sem búa að baki umræddu lagaákvæði, eru m.a. reifuð í athugasemdum með frumvarpi að fjárreiðulögum. Í almennu athugasemdunum segir m.a. svo:

*“Lengi hefur verið rætt um hvar mörk heimilda framkvæmdavaldsins til fjárráðstöfunar liggja. Engar heilsteyptar reglur eru í lögum um þessi mörk. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að eigi megi greiða gjald úr ríkissjóði nema með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta ákvæði setur framkvæmdarvaldinu ákveðnar skorður, þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi veiti fyrirfram heimildir til greiðslna úr ríkissjóði. Almennt hefur ákvæðið verið skilið á þá leið að þar sé ekki lagt ófrávikjanlegt bann við því að greiða úr ríkissjóði nema að fenginni heimild fjárveitingarvaldsins heldur hafi það að geyma meginreglu sem fara beri eftir nema sérstakar aðstæður heimili annað. Í þessu frumvarpi er reynt að skýra þær aðstæður sem upp kunna að koma og réttlæta frávik frá fyrir fram veittum fjárheimildum og tryggja þannig virkt aðhald með framkvæmdarvaldinu og ráðstöfun þess á fjármunum ríkissjóðs. Þannig er gert ráð fyrir að settur verði lagarammi um heimildir framkvæmdarvaldsins með hliðsjón af þeirri takmörkun sem felst í stjórnarskránni.”*

Þá segir svo í athugasemdun við nefnda 33. gr. laganna:

*“Hér er kveðið á um heimild til að greiða úr ríkissjóði ef ófyrirséð atvik verða þess valdandi að greiðsluskylða fellur á ríkissjóð. Eðli máls samkvæmt er ekki hægt við samþykkt frumvarps til fjárlaga að sjá fyrir öll atvik komandi árs sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Ákvæðið gerir ráð fyrir að fjármálaráðherra sé skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og afla heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Sem dæmi um greiðslur af þessu tagi má nefna greiðslu bóta vegna bótaskyldu sem fellur á ríkið samkvæmt skaðabótareglum. Ríkið kaupir almennit ekki frjálssar ábyrgðartryggingar til að standa straum af slíkum útgjöldum.”*

Að mati Ríkisendurskoðunar eru þær röksemdir og sjónarmið, sem samkvæmt ofansögðu búa að baki umræddu ákvæði 33. gr. fjárreiðulaga, enn í fullu gildi. Ríkisendurskoðun er ekki kunnugt um atvik þar sem segja má að þessi heimild sem slíkri hafi verið beitt. Að gefnu tilefni skal tekið fram að ágreiningur milli Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis í hinu svokallaða Grímseyjarferjumáli snérist alls ekki um það hvort skilyrði hafi verið til staðar til að beita heimildum 33. gr. Málið snérist fyrst og fremst um hvernig túlka bæri ákvæði tölulið 7.9 í 6. gr.

fjárlaga fyrir árið 2006. Þá gagnrýndi Ríkisendurskoðun einnig hvernig ónýttar fjárheimildir Vegagerðarinnar voru nýttar til fjármögnunar Grímseyjarferjunnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur Ríkisendurskoðun ekki vera sérstaka þörf á því að nema úr lögum hina sérstöku og skilyrtu heimild í 33. gr. fjárreiðulaga, sem eðli málsins samkvæmt er aðeins heimilt að grípa til í algjörum undantekningartilvikum.

  


DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. desember 2007 02-2007111220  
T-ums 27/07

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997 - 45. mál**

Ríkisskattstjóri hefur þann 29. nóvember 2007 mótttekið bréf yðar dagsett 27. sama mánaðar þar sem óskað er eftir að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, 45. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður heimild fjármálaráðherra til að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum.

Frumvarpið gefur ekki tilefni til athugasemda af hálfu ríkisskattstjóra.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Guðrún J. Jónsdóttir

